

Hugsað á blað

Að þessu sinni verður sumarnámskeið STÍL í formi ritsmiðju, sem haldin verður dagana 14. - 19. ágúst 2011 í samvinnu við Vesturfarasetrið á Hofsósi og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Fyrir skömmu komu fram óánægjuraddir háskólanema, sem töldu sig hafa ónógan undirbúning í framhaldsskóla til að skrifa á fræðilegan hátt í háskóla. Það kveikti áhuga stjórnar STÍL á að styrkja kennara sérstaklega að því er lýtur að skrifum, ritgerðarsmíð og ritunarkennslu á breiðum grundvelli. Aðalkennari námskeiðsins er Jeffrey Wilhelm, prófessor í ensku við Boise State University í Bandaríkjunum. Honum til aðstoðar verða undirrituð og Baldur Sigurðsson, dósent í íslensku og forstöðumaður ritvers Menntavísindasviðs.

Ritsmiðjan hefst síðla dags sunnudaginn 14. ágúst og lýkur um hádegisbil föstudaginn 19. ágúst. Nokkurs undirbúnings er krafist fyrir þátttöku í námskeiðinu, og má finna lista yfir lesefni á heimasíðu STÍL, www.stil.is Námskeiðið fer fram á ensku og lesefni er einnig á ensku. Hins vegar geta þátttakendur skrifað á því tungumáli sem þeim hentar, svo fremi að a.m.k. tveir aðrir þátttakendur skrifi á sama tungumáli.

Það er ánægjulegt að skýra frá því að samstarf hefur tekist við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þetta þýðir að námskeiðið er einnig opið háskólanemum og mögulegt verður að taka það til fimm háskólaeininga, sé gengið frá því fyrirfram. Til að námskeiðið nýtist til eininga munu þeir þátttakendur, sem það kjósa, inna af hendi frekari vinnu í framhaldi af námskeiðinu.

Tímasetning námskeiðsins er einfaldlega valin með útilokunaraðferðinni. Þetta er eini tíminn sem fyrirlesarinn á lausan í sumar og kennarar geta mögulega nýtt. Þar sem þetta er síðasta vikan áður en framhaldsskólinn tekur til starfa á landsvísu er þetta líka síðasta tækifærið í sumar fyrir kennara að njóta íslensks sumars úti í náttúrunni, og STÍL kemur til móts við félagi á Vestur - og Norðurlandi.

Með stofnun Vesturfarasetursins hefur Hofsós dregið að sér æ fleiri ferðamenn og viðburði af öllu tagi. Fjölmargir afþreyingarmöguleikar eru til staðar á Hofsósi og víðar í Skagafirði, þannig að þátttakendur sem hefðu hug á að taka með sér fjölskyldur sínar geta án efa fundið skapandi leiðir til að láta verða af því. Á Hofsósi bjóðast fjölbreyttir gistimöguleikar, auk þess sem fyrirtaks tjaldstæði er á staðnum. Samstarfsaðilar okkar í Vesturfarasetrinu á Hofsósi hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til að gera ritsmiðjuna að veruleika og bjóða gistingu með 40% afslætti, á verðbilinu 1.500 – 3.300 á mann fyrir nóttina.

Undirrituð hafði einstaka ánægju af að leggja drög að þessu námskeiði, enda leiddi það hugann að framhaldsnámsárunum í University of Wisconsin í Madison. Eitt námskeið bar

af öllum öðrum innan þeirra fjögurra deilda sem nám mitt spannaði, enskudeild, bókmenntafræðideild, menntunarfræðideild og deild afrískra tungumála og bókmennta. Það námskeið sem hafði hvað dýpst áhrif á mig var einmitt ritsmiðja, sem var í umsjón David Schaafsma og Don Hudson.

Meðal þess sem lagt var til grundvallar ritsmiðjunnar í UW var að allir geta skrifað, enda er það eðlilegur hluti af lífi nútímamannsins að skrifa. Lykilsetningin sem hópurinn valdi sér kom úr munni Don Hudson: “writing is thinking, not thinking written down.” Kjarninn í þeim orðum vísar til þess að það að skrifa jafngildir því að hugsa á blað, og við að lesa það sem þegar hefur verið skrifað er hugsað uppá nýtt og þannig verða skrifin órjúfanlegur þáttur í hugsanaferlinu, líkt og samtal manns við sjálfan sig, hugsun í stöðugri endursköpun.

Mikið var lagt upp úr því sem kennarinn nefndi samfélag höfunda, “a community of writers.” Undirrituð hafði lítinn áhuga á því fyrirfram, vildi bara læra af kennaranum og skrifa í einrúmi eins og áður. Það kom því verulega á óvart þegar til kastanna kom, hversu dýrmætt það var að verða hluti af samfélagi höfunda sem var að glíma við að finna sína eigin rödd í skrifum. Það var til að mynda ógleymanlegt að átta sig á því í samvinnu við tvo aðra samnemendur, hversu oft það sem lesandinn sér reynist harla ólíkt því sem höfundurinn taldi sig vera að segja í skrifum sínum.

Það er mér mikil ánægja að geta boðið STÍL- félögum uppá úrvalskennara og þaulvanan ritsmiðjumeistara, Jeffrey Wilhelm, sem er forstöðumaður the [Boise State Writing Project](#), samvinnuverkefnis the [National Writing Project](#). Wilhelm er þrautreyndur grunnskólakennari, (samnemandi minn frá Madison,) með doktorspróf í menntunarfræðum frá Wisconsinháskóla, er mikill Íslandsvinur og hélt fyrir um áratug í Fræðslumiðstöð Reykjavíkur fyrirlestur um leiðir til að bæta árangur torlæsra nemenda. Hann hefur verið ötull við að semja námsbækur síðastliðin fimmtán ár, bæði í samvinnu við aðra og einn síns liðs, um kennslufræði, lestrarkennslu, leiðir til að auka virkni og áhuga nemenda, leiðir til að virkja styrkleika slakra nemenda, leiðir til að auka námsárangur drengja, gagnsemi leiklistar í kennslu, árangursríkar leiðir til að efla áhuga nemenda á að leita lausna og dýpka skilning á viðfangsefninu, og fleira er viðkemur bættum kennsluháttum. Nánari upplýsingar um Jeffrey Wilhelm má finna á eftirfarandi vefsíðum: [jeffreywilhelm.com](#) og [bswproject.com](#)

Námskeiðið er styrkt af Menningar – og menntamálaráðuneytinu með milligöngu Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og er námskeiðsgjald kr. 25.000. Máltíðir eru innifaldar í því gjaldi. Nemendur Háskóla Íslands njóta sömu kjara á þessu námskeiði og á öðrum námskeiðum. Skráning fer fram á vef Endurmenntunarstofnunar og hjá nemendaskrá Háskólans.

Allar nánari upplýsingar gefa: Baldur Sigurðsson: balsi@hi.is og Ragnheiður Jónsdóttir: stil.ragnheidur@gmail.com

Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, formaður STÍL